

Fundargerð 67. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2024, mánudaginn 16. september kl. 12:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Júlía Sæmundsdóttir og Anna Sigríður Guðnadóttir.

Að auki sátu fundinn Valgerður Rún Benediktsdóttir yfirlögfræðingur og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Ólafur Þór Ólafsson boðaði forföll. Rannveig Einarsdóttir komst ekki á fundinn en sendi athugasemdir með tölvupósti

1. Umsögn Sambandsins - Áform um að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. - 2410006SA

Í samráðsgátt er nú til umsagnar áform um að lögfesta Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Lögðu fundarmenn áherslu á í umsögninni að þau styðji heils hugar að fatlað fólk njóti allra þeirra réttinda sem Samningur SP kveður á um. Til þess að svo megi verða verður hins vegar að tryggja að kröfur um þjónustu og fjármagn fari saman. Í áformum um lögfestingu frá ráðuneytinu kemur fram að ekki sé reiknað með að lögfesting hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga sem að fundarmenn telja algjörlega óraunhæft þar sem allar líkur eru á því að lögfesting muni hafa þau áhrif að þjónusta í málaflokknum verða enn umfangsmeiri og kostnaðarmeiri. Ríkið verður að axla ábyrgð, samhliða lögfestingu samningsins, að tryggja að sveitarfélögin hafi fjárhagslega burði til að sinna þeirri þjónustu sem gerð er krafa um.

2. Umsögn Sambandsins - Drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. - 2410002SA

Farið var yfir drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Fundarmenn voru sammála því sem fram kom í drögunum og gerðu ekki efnislegar athugasemdir.

Fundi var slitið kl. 12:30

Júlía Sæmundsdóttir

Anna Sigríður Guðnadóttir

